

SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA

Stefan Solyom, hljómsveitarstjóri
Danjulo Ishizaka, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

.....
Tónleikar í Háskólabíói 10. febrúar 2011 kl. 19.30
.....

Stefan Solyom, hljómsveitarstjóri
Danjulo Ishizaka, einleikari

.....
SVO MÆLTI ZARAÞÚSTRA
.....

Richard Wagner

**Forleikur og Ástardauði Ísoldar,
úr Tristan og Ísold (1857–59)**

Hafliði Hallgrímsson

Sellókonsert op. 30 (2003)

Hlé

Richard Strauss

Svo mælti Zaráþústra, op. 30 (1895–96)

Inngangur –

Um handanheimsmenn –

Um hina miklu þrá –

Um yndi og ástríður –

Grafljóð –

Um vísindin –

Afturbatasjúklingurinn –

Dansljóð –

Náttfaraljóðið



Tónleikarnir eru í beinni útsendingu
á Rás 1 og aðgengilegir í tvær vikur
á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
á meðan tónleikum stendur.



Stefan Solyom fæddist í Stokkhólmi árið 1979 og nam hornleik og hljómsveitarstjórn við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi og við Sibeliussar-akademíuna í Helsinki. Hann lærði hjá Leif Segerstam og Jorma Panula, og hlaut verðlaun í Sibeliussarkeppninni fyrir hljómsveitarstjóra árið 2000. Hann hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum Norðurlanda, m.a. í Stokkhólmi, Gautaborg, Helsinki og Lahti, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig og NDR-sinfóníuhljómsveitinni í Hamborg. Þá hefur hann stjórnað fjölmörgum óperuuppfærslum, m.a. við Komische Oper í Berlín, Konunglegu sænsku óperuna og Þjóðaróperuna í París.

Um þessar mundir stjórnar hann einnig nýrri uppfærslu af Tristan og Ísold við óperuhúsið í Weimar.

Solyom gegnir nú stöðu aðalstjórnanda við Deutsches Nationaltheater und Staatskapelle Weimar, og er aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Norrköping. Í fyrra lét hann af starfi gestastjórnanda BBC-sinfóníuhljómsveitarinnar í Skotlandi. Solyom hefur tvisvar sinnum áður stjórnað SÍ, fyrst í febrúar 2004 og aftur í júní 2008, þegar á efnisskránni var m.a. hin risavaxna Alpasinfónía Richards Strauss.



Þýsk-japanski sellóleikarinn Danjulo Ishizaka er fæddur 1979 og hóf sellónám fjögurra ára gamall. Aðalkennarar hans voru Hans Christian Schweiker og Boris Pergamenschikov sem leiðbeindi honum við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín frá 1998-2004. Ishizaka hlaut fyrstu verðlaun í Cassadó-sellókeppninni á Spáni 1998 og í Lutoslawski-keppninni í Varsjá 1999. Hann hlaut Feuermann-verðlaunin árið 2002, og fyrir nokkrum árum var hann valinn eftirtektarverðasti ungi tónlistarmaður ársins í Þýskalandi.

Ishizaka kom fram á tónleikum í Musikverein í Vínarborg haustið 2003 undir stjórn Krzysztofs Penderecki, og hefur síðan leikið með fjölda framúrskarandi hljómsveita, m.a. sinfóníuhljómsveitunum í Tókýó, Singapore, Baltimore, Lúxemborg og Academy of St. Martin-in-the-Fields í Lundúnum. Hann hljóðritar fyrir Sony Classical og hlaut fyrsti hljómdiskur hans Echo-verðlaunin í Þýskalandi árið 2006. Hann leikur kammertónlist með tónlistarmönnum á borð við Juliu Fischer, Lars Vogt og Tabeu Zimmermann, og hélt debút-tónleika sína í Carnegie Hall vorið 2006.

Ishizaka leikur á Stradivarius-selló frá árinu 1696, sem gengur undir nafninu Lord Aylesford í höfuðið á breskum aðalsmanni sem átti hljóðfærið á 18. öld. Meðal fyrri eigenda sellósins er Janós Starker, sem lék á það á ótal tónleikum og hljóðritunum á síðari hluta 20. aldar. Ishizaka hefur einu sinni áður leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, sellókonsert eftir Robert Schumann í maí 2008.



Richard Wagner (1813–1883) var á hátindi ferils síns þegar hann samdi *Tristan og Ísold*; hafði þá þegar samið *Lohengrin* og *Tannhäuser* og var langt kominn með smíði Niflungahringins. Sögnin um *Tristan og Ísold* er talin keltesk og birstist fyrst í ritum frá 12. öld: Tristan hefur verið falið að sigla með írsku prinsessuna Ísold frá heimahögum til Cornwall, þar sem hún á að eiga frænda hans, Marke konung. Ísold vill fremur deyja en vera gefin óvini sínum, en í stað banvæns eiturs bergja báðar söguhetjurnar á ástardrykk og þar með eru örlög þeirra ráðin. Þegar komið er í höfn er Tristan særður banvænu sári og heldur heim á leið til að mæta dauðanum. Hann lætur lífið í örmum Ísoldar, sem hnígur að lokum niður

við hlið hans og sameinast honum í eilífri sælu handan þessa heims.


Wagner hóf að semja verkið snemma árs 1857, um það leyti sem hann vann að þriðju óperu Niflungahringins – *Siegfried*, eða *Sigurði Fáfnisbana*. Smám saman leituðu á hann hugmyndir um óperu byggða á sögninni um Tristan, og svo fór að hann lagði *Niflungahringinn* á hilluna um skeið til að semja nýju óperuna. Í höndum Wagners verður söguþráðurinn áhrifamikið sálfræðidrama, en bein atburðarás í hefðbundnum skilningi er fremur lítil.

Upphafstaktar óperunnar brutu blað í tónlistarsögunni. Alla 19. öldina hafði sígild tónlist orðið sífellt krómátiskari og flóknari í allri hugsun og útfærslu; samtímamenn Wagners þóttust sjá í *Tristan og Ísold* framhald þróunar sem hófst með síðustu strengjakvartettum Beethovens. Aldrei fyrr hafði hið hefðbundna tóntegundakerfi verið teygt svo langt í allar áttir: ómstríðir tónar leysast ekki, bæði í laglinum og hljómunum er boginn spenntur hærra með aukinni krómátík. „Tristan-hljómurinn“ sem heyrir í upphafi forspilsins varð tákn nýrra tíma; nú hafði opnast ný vídd í litrófi hljómfræðinnar og þar með var brautin rudd fyrir frekari nýjungar.

Í lokabætti óperunnar stendur Ísold við dánarbed elskhuga síns og gefur sig

Ástardauði Ísoldar hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi árið 1952, á tónleikum SÍ í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Olav Kjelland. Síðan hefur hann heyrt fimm sinnum á tónleikum SÍ í Háskólabíói, síðast haustið 2006 undir stjórn Gregors Bühl.

dauðanum á vald; *Liebestod* eða *Ástardauði Ísoldar* er einn frægasti kaflinn á allri verkaskrá tónskáldsins. Wagner átti sjálfur hugmyndina að því að tengja forspil og uppljómun Ísoldar á þennan hátt, og þótt vissulega sé nokkur eftirsjá að sópranröddinni má segja að áferðin í hljómsveitarleiknum sé svo þykk og glæsileg að hún standi fyllilega fyrir sínu. Meðal aðdáenda lokakaflans var sjálfur Richard Strauss, sem sjálfur kunni listina að útsetja fyrir hljómsveit betur en flest tónskáld fyrr og síðar. Hann komst svo að orði að geislandi H-dúr-hljómurinn í lok *Ástardauðans* væri „best útsetti lokahljómur í gervallri tónlistarsögunni“.



Hafliði Hallgrímsson er fæddur á Akureyri 1941 og stundaði tónlistarnám í Reykjavík, Róm og við Royal Academy of Music í Lundúnum. Þar nam hann sellóleik hjá Derek Simpson og tónsmíðar hjá Peter Maxwell Davies og Alan Bush. Að námi loknu lék hann með Ensku kammer-veitinni og varð leiðandi sellisti Skosku kammersveitarinnar 1977, en sagði stöðunni lausri 1983 til að geta helgað sig tónsmíðum af fullum krafti. Hann hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1986 fyrir fiðlukonsertinn *Poemi*, og hefur undanfarin ár verið staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Konsertinn sem hljómar í kvöld er seinni sellókonsertinn sem Hafliði semur; sá fyrri heitir *Herma* og var saminn 1994. Þegar norskí sellóleikarinn

Truls Mørk lék *Hermu* í fyrsta sinn ári síðar fæddist hugmyndin að nýju verki sem væri samið sérstaklega fyrir hann. Sá leit dagsins ljós árið 2003, pantaður af þremur hljómsveitum: Fílharmóníuhljómsveitinni í Osló, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Skosku kammersveitinni. Það kemur ekki á óvart að konsertinn er mikið virtúósaverk, samið af fullkominni kunnáttu og vitund um eiginleika og takmörk einleikshljóðfærisins. Hafliði segist í verkinu hafa viljað leggja áherslu á hina lagrænu eiginleika sellósins, og þótt hann skrifi sterka og dramatíska tónlist inn á milli leitist hann engu að síður við að gefa sellóinu hendingar sem séu fyrst og fremst lagrænar. Þó krefst konsertinn þess einnig að sólistinn geti allt að því farið í loftköstum á flóknustu stöðunum, þar sem skiptast á tví- og þrígríp, *moto perpetuo*-ritháttur, yfirtónar, glissandó, og flest annað sem ætlast má til með sanngirni af einum hljóðfæraleikara.

Sellókonsertinn er í einum þætti sem skiptist niður í fjölmarga smærri kafla. Hljómsveitin er meðalstór, og harpa og slagverk eru oft í forgrunni. Strengirnir halda sig aftur á móti nokkuð til hlés, enda biður Hafliði þá um að leika titringslaust

(*senza vibrato*) nærri því allt verkið út í gegn. Meðal fjölmargra eftirtektarverðra staða má nefna dulúðlega byrjunar- og lokakaflana, þar sem djúpir hörpu- og bassatónarnir mynda hægan hjartsláatts-undirleik fyrir syngjandi sellólínuna. Þá er kadensan sem leikin er undir lok konsertsins harla óvenjuleg, ekki aðeins fyrir tækniröfurnar sem einleikarinn þarf að uppfylla, heldur einnig fyrir óvænt innskot páku, sneriltrommu, hörpu og málmblásara.

Hafliði hefur þetta að segja um sellókonsertinn: „Form verksins myndar eins konar boga; um miðbikið hljómar dramatísk tónlist en síðan dregur úr spennunni og kyrrlát upphafsstemningin heyrir aftur, eftir tilþrifamikla einleikskadensu sellósins. Þegar ég var að semja verkið kom hvað eftir annað upp í hugann einföld vögguvísa eftir Grieg sem ég lék á sellóið mitt þegar ég var drengur. Hún náði að læðast inn í verkið þótt ég reyndi að streitast á móti. Að lokum varð mér ljóst að ég var á vissan hátt að semja risavaxna vögguvísu, þar sem bregður fyrir skrítnum draumum. Ég vitna ekki beint í vögguvísuna, en gef hana í skyn í djúpum tvígrípum sellósins. Hægur rytmi hennar hljómar aftur á móti víða og sameinar ólíka þætti verksins. Konsertinn endar hljóðlega, líkt og hann hófst: einleikarinn dregur sig í hlé og síðasti tónninn sem hljómar er djúpt C, leikið eins veikt og mögulegt er.“



Richard Strauss (1864–1949) var undrabarn í tónlist; hann var tíu ára gamall þegar fyrstu tónsmíðar hans birtust á prenti, og átti einnig farsælan feril sem hljómsveitarstjóri á sínum yngri árum. Þar naut hann ekki síst stuðnings Hans von Bülow, sem gerði hann að aðstoðarstjórnanda sínum við hirðhljómsveitina í Meiningen. Bülow hafði áður stjórnað frumflutningnum á *Tristan og Ísold*, og í kjölfarið misst eiginkonu sína, Cosimu dóttur Franz Liszts, í faðm Wagners fyrir fullt og allt.

Strauss hóf feril sinn sem fullþroska tónskáld á óperunni *Guntram*, sem er mjög undir áhrifum Wagners og hlaut afar misjafnar viðtökur. Hann lagði því óperusmíði á hilluna um stundarsakir en tók til við að semja runu tónaljóða sem eru

hvert öðru glæsilegra: *Don Juan*, *Don Kíkóta*, *Till Eulenspiegel*, *Hetjúlíf*, *Alpasinfónína*, og mörg fleiri. *Svo mælti Zarabústra* var hið fimmta í röðinni, samið árið 1896 og frumflutt í Frankfurt í nóvember sama ár. Eftir lokaæfinguna skrifaði Strauss eiginkonu sinni upprifinn: „*Zarabústra* er dásamlegt – langmikilvægasta tónsmíð mín til þessa, hin fullkomnasta í formi, sú dýpsta hvað innihald snertir. Ég er hæstánægður og þykir aðeins leitt að þú skulir ekki geta heyrt verkið. Hápunktarnir eru stórfenglegir, og útsetningin!!! Útsetningin er gallalaus – og tónleikasalurinn hjálpar líka til.“

Strauss var á þritugsaldri þegar hann tók að drekka í sig hugmyndir Friedrichs Nietzsches, ekki síst hið nýútgefna rit *Svo mælti Zarabústra*, sem birtist fyrst í heild árið 1892. Nietzsche hafði gert sér vonir um að verkið myndi bera hróður hans víða, en svo reyndist ekki vera. Margir hristu höfuðið yfir þeirri nýstárlegu umgjörð sem hann hafði valið hugmyndum sínum, þar sem fara saman skáldskaparform og listræn heimspeki. Í inngangi sínum að íslenskri þýðingu Jóns Árna Jónssonar að verkinu (útg. 1996) segir Sigríður Þorgeirsdóttir að helst megi líta á verk Nietzsches sem eins konar „lærdómskvæði“. Persneski spámaðurinn Zarabústra var uppi á 6. öld fyrir Krists burð, en Nietzsche notar hann aðeins sem málþípu fyrir eigin hugmyndir, í áttatíu stuttum köflum sem lýsa skoðunum spámannsins á hinum ýmsu málefnum.

Strauss valdi átta kafla sem yfirskriftir í tónsmíð sína, sem hann gaf undirtitilinn „frei nach Friedrich Nietzsche“; frjálst eftir Nietzsche. Um ætlun sína með verkinu sagði hann: „Ég vildi tjá í tónlist hugmyndina um þróun mannkynsins allt frá uppruna sínum, gegnum hin ýmsu þróunarferli, trúarleg og vísindaleg, allt fram að hugmynd Nietzsches um ofurmennið.“ Þótt ofurmennisdraumar heimspekingsins hafi beðið skipbrot á 20. öldinni verður hið sama ekki sagt um tónsmíð Strauss, sem hafði öðlast sinn fasta sess á verkaskrá hljómsveita um allan heim löngu áður en Stanley Kubrick notaði innganginn í eftirminnilegt upphafsatriði kvikmyndarinnar 2001: *A Space Odyssey*.

Stórfenglegir upphafstaktarnir eru hylling spámannsins til hinnar rísandi sólar, og fyrstu þrír tónarnir (mótivið C-G-C í trompetum) snúa aftur hvað eftir annað; þeir tákna náttúruna, óspillta og kraftmikla. Þessu stefi teflir Strauss gegn öðru dekkra, sem samanstendur yfirleitt af fjórum tónum í h-moll og táknar mannkynið; það hljómar fyrst í sellóum og kontrabössum fljótlega eftir að inngangurinn deyr út.

Strauss lýsir því næst „handanheimsmönnunum“, eða „veikburða mannkyni sem þráir Guð“. Þar sem tónskáldið hafði litið álit á kristinni trú frekar en heimspekingurinn notar Strauss gömul stef úr gregorsöng í gamansömum tóni; í nóturnar skrifar hann hina hefðbundnu texta við nóturnar: *Credo in unum deum*, og *Magnificat*. Þó hafa ýmsir bent á að hér sé tilfinningaþrungin ljóðrænan svo sterk og áhrifamikil að kaldhæðni tónskáldsins eigi það til að gleymast.

Í kjölfarið fylgja ástríðuþrungnir kaflar þar sem megintóntegundir verksins – C-dúr og h-moll – eiga í stöðugum árekstrum; í þættinum „Um vísindin“ hljómar akademísk fúga þar sem hvert hljóðfærið af öðru spreytir sig á tólf-tóna stefi þar sem náttúru- og mannkynsstefjunum er fléttað saman í eitt. Í næstsíðasta kaflanum, Dansljóðinu, hljóma glaðværar og einfaldar valsahendingar og dýónísísk öfl eru allsráðandi – „Ég myndi eingöngu trúa á Guð sem kynni að dansa“, segir Zarabústra á einum stað. Hámarkinu er náð þegar klukkurnar hringja inn miðnætti. Lokahendingarnar – í H-dúr – virðast gefa til kynna að mannkynið hafi náð yfirhöndinni og sigrast á náttúrunni í eitt skipti fyrir öll. Þar til í allra síðustu tóktunum, þegar veikt, plokkað C í sellóum og kontrabössum minnir okkur á hið gagnstæða: að ekki er öll von úti enn, að hugsanlega á náttúran sér enn viðreisnar von, þrátt fyrir allt.

ISABELLE FAUST SPILAR BEETHOVEN



Þýski fiðluleikarinn Isabelle Faust er staðarlistamaður SÍ starfsárið 2010-11 og uppskar mikla hrifningu tónleikagesta þegar hún lék fiðlukonsert Stravinskijs með hljómsveitinni í september síðastliðnum. Nú snýr hún aftur með eitt af sínum eftirlætisverkum, fiðlukonsert Beethovens. Isabelle Faust er á hátindi ferils síns um þessar mundir og var meðal annars tilnefnd til Gramophone-verðlaunanna sem listamaður ársins í fyrra, ásamt ekki minni stjórnnum en Plácido Domingo og Lang Lang. Hljóðritun hennar á fiðlukonserti Beethovens kom út árið 2007 og hlaut fjölda verðlauna, og því er þetta einstakt tækifæri til að heyra eitt af meistaraverkum Beethovens í sannkölluðum

snilldarflutningi.

Á efnisskránni er einnig fjórða sinfónía Antons Bruckner, sem er bæði kraftmikil og leyndardómsfull, og gefur hljómsveitinni færi á að sýna sínar bestu hliðar. Ragnar í Smára sagði eitt sinn um sinfóníur Bruckners að þær væru „ótæmandi svölun eirðarlausum listdýrkendum, jafnvel norður á Íslandi“.

Hljómsveitarstjóri er Bertrand de Billy, sem er aðalstjórnandi Útvarpshljómsveitarinnar í Vínarborg, og hefur stýrt hljómsveitinni á tónlistarhátíðum víða um heim, m.a. árlega á hinni glæsilegu Salzburgerhátíð. Bertrand de Billy var aðalstjórnandi Teatro del Liceu í Barcelona um árabil og hefur einnig stjórnað margsinnis við Metropolitan-óperuna, meðal annars Rómeó og Júlíu eftir Charles Gounod þar sem Kristinn Sigmundsson fór með hlutverk Bróður Lárens.

DRUMMING



Bandaríska tónskáldið Steve Reich er einn af forsprökkum mínímalismans og eitt áhrifamesta tónskáld síðustu áratuga. Breska dagblaðið The Guardian sagði Reich nýverið „einn fárra núlifandi höfunda sem sagt verður um að þeir hafi breytt gangi tónlistarsögunnar“. Meðal þeirra sem hafa samið tónlist undir áhrifum hans má nefna Brian Eno og Sufjan Stevens. Reich hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín, hlaut meðal annars hin virtu Polarverðlaun árið 2007 ásamt Sonny Rollins, og Pulitzer-verðlaunin 2009.

Drumming er almennt talið eitt helsta meistaraverk Reichs og verður flutt í fyrsta sinn á Íslandi 25. mars nk. af hinum margverðlaunaða sænska slagverkshópi Kroumata ásamt félögum úr Sinfóníuhljómsveit

Íslands. Verkið er samið á árinum 1970-71, eftir ferðalag höfundarins til Afríku þar sem hann varð fyrir áhrifum af trommumeisturum í Ghana. Þetta er kraftmikið verk þar sem allt litróf slagverksins fær að njóta sín: dynjandi bongótrommur, söngur og flauta í bland við ljúfa klukkutóna.

Enginn áhugamaður um nýja og ferska tónsköpun má láta þessa tónleika fram hjá sér fara.

Miðaverð kr. 1.500. Ónúmeruð sæti.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 10. FEBRÚAR 2011

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Hildigunnur Halldórsdóttir
Martin Frewer
Ágústa María Jónsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hlíf Sigurjónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Mark Reedman
Dóra Björgvinsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell
Christian Diethard
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir
María Weiss
Greta Salome Stefánsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marínósdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hruud Harðardóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdis Anna Jónsdóttir

samstarfsaðilar

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Auður Ingvadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Ármann Helgason
Guðni Franzson
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson
Hafsteinn Guðmundsson

Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir
Sturlaugur Jón Björnsson

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Jóhann Nardeau

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee
Lai Tak Chung

Harpa

Katie Buckley
Elisabet Waage

Orgel

Douglas Brotchie

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Arni Áskelsson



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓS / HLJÓÐ / MYND

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
– Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfónúhljómsveitar Íslands

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is